

III. flokkur kr. 300 þús. á ári.

Eftirtalin embætti:

- a. Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri.
- b. Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c. Embætti presta erlendis.
- d. Enn fremur vegna starfa prófafa í víðfeðmum prófastsdæmum.

Biskupsstofa annast um flokkun embætta samkvæmt framangreindu í samráði við Prestafélag Íslands.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2002.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um

skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Stofnuð skal ný sókn, Lindasókn, er myndar nýtt prestakall, Lindaprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru:

Reykjanesbraut að norðvestan frá mörkum Kópavogs og Garðabæjar norðaustur Reykjanesbraut að mörkum Kópavogs og Reykjavíkur norðnorðvestan Seljahverfis, þaðan eftir mörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðausturs og mörkum Kópavogs og Garðabæjar til suðausturs og suðvesturs.

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi

Hellnasókn sem nú tilheyrir Ingjaldshólsprestakalli tilheyrir Staðastaðarprestakalli.

Húnavatnsprófastsdæmi

Árnesprestakall og Hólmavíkurprestakall sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Hólmavíkurprestakall. Prestssetur: Hólmavík.

Skagafjarðarprófastsdæmi

Úlfsstaðir, sem nú tilheyra Miklabæjarsókn, Miklabæjarprestakalli, tilheyri Silfrastaðasókn, Miklabæjarprestakalli.

Pingeyjarprófastsdæmi

Sauðanessókn, sem tilheyrir Þórshafnarprestakalli, nefnist Þórshafnarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lindaprestakall stofnast 1. júlí 2002. Fram að þeim tíma nýtur Lindasókn þjónustu frá Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Sameining Árness- og Hólmavíkurprestakalls öðlast gildi við starfslok sóknarprests í Árnessprestakalli.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjupings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

1. gr.

	kr.
Sæðingagjald/skýrsluhald	1.200
Sæðingagjald án skýrsluhalds	1.600
Sæðingagjald án mjólkurinnleggs	4.200
Heimsóknargjald	600
Bókhald - grunngjald fyrir 1/2 ár	6.000
Vinna við bókhald	pr. klst. 2.750
Lambaskoðun	pr. klst. 2.000
Árgjald Betri bú	15.000
Sértækar leiðbeiningar	pr. klst. 2.750
Almennar leiðbeiningar	0